



Selfossi 13.september 2022

Fundargerð stjórnar

2. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 13. september 2022, kl. 15.45 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 15.45.

1. Fjárhagsáætlun 2023

Pétur kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Umræður um lántöku vegna kaupa á dælubíl. Í áætlun fyrir 2022 var samþykkt 50 m kr lántaka, þá á eftir að fjármagna um 35 m kr. Umræður um hvort taka eigi 85 m kr lán á árinu 2022 og festa þá gengið og greiða bíllinn eða hvort geyma eigi lántöku til 2023 þegar bíllinn verður afhentur. Samþykkt að fresta ákvörðun um lántöku til næsta fundar.

Umræður um skiptiprósentu framlaga sveitarfélaganna og hvort kominn sé tími á breytingar á reiknireglunni.

Í drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir ráðningu á tveimur slökkviliðsmönnum um mitt ár 2023. Stjórn leggur til þá breytingu að einn slökkviliðsmaður verði ráðinn í stað tveggja frá júlí 2023.

Samþykkt að uppfæra nokkrar tölur og taka aðra umræðu um áætlunina á fundi í næstu viku.

2. Slökkvistöðin á Laugarvatni

Pétur fór yfir málefni slökkvistöðvarinnar á Laugarvatni, en húsið er til sölu og gera þarf ráðstafanir vegna nýrrar stöðvar.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 17.20

Helgi Kjartansson
Fjóla Kristinsdóttir
Árni Eiríksson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Pétur Pétursson
Unna Björg Ögmundsdóttir
Bragi Bjarnason